

Sb.

371. Tillaga til þingsályktunar

[146. mál]

um takmörkun á veiðitíma og netjanotkun fiskiskipa.

Flm.: Birgir Finnsson, Sigurður Ágústsson, Jón Árnason, Einar Sigurðsson,
Matthías Á. Mathiesen, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort ekki sé nauðsynlegt, að sett verði lög um takmörkun á veiðitíma og veiðarfæranotkun þeirra skipa, er fiskveiðar stunda með netjum. Að þeirri athugun lokinni verði undirbúin laga-setning um slíkar takmarkanir, og verði frumvarp um það efni lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að fiskveiðar í net eru nú stundaðar hér við land með þeim hætti, að ástæða er til að óttast, að vandræði geti hlotizt af, ef ekki er spyrnt við fótum.

Hin fullokmnu fiskleitartæki í svo að segja hverjum bát og nælonnetin hafa stóraukið aflamagnið, og nú er svo komið, að fiskurinn á hvergi griðland. Jafnframt hefur netjaúthaldið verið lengt á kostnað línuveiðanna.

Er það álit kunnugustu manna, að í þessu efni gæti meira kapps en forsjár, og er talið, að um hættu á ofveiði geti verið að ræða. Einkum eru netjaveiðarnar á hrygningarsvæðunum um hrygningartímam taldar viðsjárverðar í þessu tilliti.

Sá háttur, sem á er hafður við þessar veiðar, veldur því einnig, að aflinn, sem komið er með að landi með ærnum tilkostnaði, er oft gerður að lélegu eða ónot-hæfu hráefni til vinnslu. Netjafjöldinn, sem hver bátur á liggjandi í sjó, er svo mikill, að áhafnirnar komast ekki yfir að draga öll netin daglega, og einnig tíðkast það, að net séu látin liggja í sjó yfir helgidaga. Afleiðingin verður margra náttu sjódaður fiskur, sem oftast er erfitt að halda aðgreindum frá þeim fiski, sem innbyrtur er lifandi. Þetta hráefni er naumast hæft til annars en fiskmjölsvinnslu, þó að menn freistist til að salta það eða herða vegna þess, hve lítill verðmunur er á ferskfiski eftir gæðum. Blasir þarna við sú hætta, að ef þannig er haldið áfram, kunnum við að stórspilla aðstöðu okkar á fiskmörkuðunum.

Framanrituð tillaga til þingsályktunar er fram borin með það í huga, að þessi háskalega þróun verði stöðvuð og fundnar verði leiðir til úrbóta. Telja flutningsmenn það hægt, t. d. með því að takmarka veiðitíma þannig, að ekki megi hefja netjaveiðar fyrr en t. d. 15. marz eða 15. apríl, og jafnframt séu settar reglur, er komi í veg fyrir það, að net séu látin liggja í sjó meira en einn sólarhring í einu, ef veður hamlar ekki drætti. Loks verði takmarkaður sá netafjöldi, sem hverju skipi er leyfilegt að leggja í sjó í einu.

Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir nefndarskipun til að undirbúa þetta mál, en tillögumenn vilja benda á, að verði samþykkt frv. til laga um ferskfiskmat, sem nú liggur fyrir Alþingi, þá mætti fela fiskmatsráði þennan undirbúning í samráði við Fiskifélag Íslands og samtök útvegsmanna og sjómanna.